



Aðalfundarboð

12. mars 2012 kl. 14:00

Fundarsal BHM að Borgartúni 6, 3.h.

Kæru félagsráðgjafar!

Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands boðar til aðalfundar þriðjudaginn 12. mars. Hefðbundin aðalfundarstörf hefjast kl. 15:30 en fyrir aðalfundinn verður málþing í tilefni alþjóðadags félagsráðgjafa 2013: *Félagsráðgjöf og félagslegt og efnahagslegt jafnrétti*. Í lok dags verður tilkynnt um Félagsráðgjafa ársins 2013.

Dagskráin hefst kl. 14 og lýkur um kl. 18:30 með léttum veitingum í lok dags.

Dagskrá aðalfundar er í samræmi við 9.gr. laga Félagsráðgjafafélags Íslands.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Hann er haldinn í mars mánuði ár hvert. Skal til hans boðað skriflega eða með auglýsingu með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta. Aðalfundarboði skulu fylgja tillögur til lagabreytinga. Aðalfundur er því aðeins löglegur, að löglega sé til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum. Atkvæðisbærir félagar á aðalfundi eru þeir sem greitt hafa félagsgjald ársins á undan.

Á aðalfundi skulu vera eftirfarandi mál á dagskrá:

1. Fundur settur.
2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfest lögmæti fundarins.
4. Skýrslur fastanefnda skv. 9. lið.
5. Skýrsla stjórnar um starf félagsins á liðnu ári.
6. Skýrsla stjórnar um reikninga félagsins, vinnudeilusjóð og nefndir eftir atvikum. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á aðalfundi.
7. Stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald ákveðið til eins árs, svo og framlag/hlutfall stéttarfélagsgjalds í vinnudeilusjóð.
8. Lagabreytingar. Tillögur um breytingar á lögum félagsins skal senda til stjórnar skriflega ásamt rökstuddri greinargerð, í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði þess aðalfundar er ræðir hana. 2/3 hluta atkvæða þarf til breytinga á lögum.
9. Stjórn félagsins. Kosið skal á aðalfundi um fulltrúa í stjórn félagsins. Kjör í fastanefndir félagsins, siðanefnd, kjaranefnd og vísindanefnd fer fram á aðalfundi. Einnig skal kjósa fulltrúa í sérfræðinefnd og matsnefnd í samræmi við reglugerð um sérfræðileyfi. Fulltrúar í stjórn félagsins skulu kosnir til tveggja ára í senn. Kosið er sérstaklega um formann félagsins til fjögurra ára í senn.
10. Tillögur og áætlanir um störf félagsins á yfirstandandi ári kynntar.

11. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram til samþykktar.
12. Önnur mál.
13. Fundi slitið.

Kosningar í stjórn og nefndir skulu vera leynilegar óski einhver eftir því. Atkvæðagreiðslur um lagabreytingar skulu ekki vera leynilegar, nema þess sé sérstaklega óskað. Stjórn ákveður dagskrá.

8. Lagabreytingar

Stjórn FÍ gerir eftirfarandi tillögur að lagabreytingum:

I. kafli. Nafn félagsins og tilgangur

1. gr. Nafn og varnarþing

Félagið heitir Félagsráðgjafafélag Íslands, skammstafað FÍ. Starfssvæði þess er allt landið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Félagið ~~sem heild~~ á aðild að Bandalagi háskólamanna.

2. gr. Hlutverk og Tilgangur

~~Félagið Félagsráðgjafafélag Íslands er fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa á Íslandi.~~

~~Hlutverk félagsins er að stuðla að samstöðu meðal félagsráðgjafa og standa vörð um hagsmuni þeirra, stuðla að auknum félagslegum jöfnuði og vinna gegn fordómum og félagslegu óréttlæti í íslensku samfélagi með eflingu félagsráðgjafar sem fags og aukinni hagnýtingu félagsráðgjafar.~~

Rökstuðningur:

Ábending barst frá félagsmanni þess efnis að málsvarahlutverk félagsins væri ekki skýrt í lögum félagsins. Stjórn tekur undir þetta og leggur til að hlutverk félagsins verði orðað. Félagsráðgjafafélag Íslands vann árið 2006 stefnumörkun þar sem gildi félagsins voru meðal annars sett niður.

Ofangreind tillaga byggir á þeim gildum sem þá voru sett fram og endurspeglast meðal annars í siðareglum félagsins.

Tilgangur ~~þess félagsins~~ er:

1. Að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna sinna í hvítvetna og semja um kaup og kjör félagsmanna.
2. Að gæta þess að þeir sem starfa við félagsráðgjöf uppfylli fyllstu kröfur um menntun og siðfræði sbr. siðareglur félagsráðgjafa í starfi.
3. Að efla félagsráðgjöf, jafnframt því að stuðla að fullri viðurkenningu félagsráðgjafar sem sérhæfðrar starfsgreinar.
4. Að stuðla að aukinni hagnýtingu félagsráðgjafar sem vísindagreinar og koma sjónarmiðum hennar á framfæri.
5. Að efla samheldni með félagsráðgjöfum á Íslandi.
6. Að hafa samstarf við samtök félagsráðgjafa erlendis.

II. kafli. Aðild, aðildargjöld og úrsögn

3. gr. Stéttarfélagsaðild, fagaðild og aukaaðild

Félagsmenn geta þeir einir orðið sem lokið hafa námi frá viðurkenndum háskólum og fengið starfsleyfi á Íslandi skv. reglugerð nr. 1088/2012. ~~Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt í samráði við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands til að meta hvaða skólar eru viðurkenndir.~~

Rökstuðningur:

Með nýrri reglugerð nr. 1088/2012 um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi er Félagsráðgjafafélag Íslands ekki lengur umsagnaradili vegna umsókna um starfsleyfi.

Skriflega inntökubeiðni í Félagsráðgjafafélag Íslands skal senda til félagsins ásamt prófskírteini í félagsráðgjöf auk starfsleyfis á Íslandi. Félagsaðild að FÍ er þrenns konar:

1. Stéttarfélagsaðild þar sem félagið sér um kjarabundinn samningsrétt.
2. Fagfélagsaðild fyrir þá sem greiða eingöngu fagfélagsgjald.
3. Félagsráðgjafanemar og samtök þeirra geta sótt um aukaaðild að félaginu.

4. gr. Stéttarfélags- og fagfélagsgjöld

Nýir félagsmenn sem ganga inn í félagið á starfsárinu greiði félagsgjöld miðað við hvenær á starfsárinu þeir ganga í félagið.

1. Stéttarfélagsgjald er ákveðið hlutfall af dagvinnulaunum. Hluti félagsgjalds skal renna í vinnudeilusjóð. Stéttarfélagsgjald og greiðslur í vinnudeilusjóð ákveðist á aðalfundi.
2. Fagfélagsgjald er ákveðið á aðalfundi.
3. Félagsráðgjafanemar greiða ekki félagsgjald.
4. Lífeyrisþegar og þeir sem eru atvinnulausir eða sjúkir greiða ekki fagfélagsgjald.

5. gr. Úrsögn úr félaginu

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til stjórnar og telst viðkomandi genginn úr félaginu ~~þremur mánuðum~~ eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið.

Rökstuðningur:

Félagsmaður sem gengur úr félaginu hættir að greiða félagsgjöld og sendir tilkynningu um úrsögn. Ekki er talið eðlilegt að félagsmaður tilkynni úrsögn þremur mánuðum áður en hann hættir að greiða félagsgjöld.

Greiði fagfélagar eigi tvær greiðslur til félagsins, missa þeir félagsréttindi sín og þar með kosningarétt og kjörgengi. Uppgjör á skuld eða samkomulag þar að lútandi leiðir til fullra fagaðildar að nýju.

III. kafli Skipulag félagsins

6. gr. Deildir innan Félagsráðgjafafélags Íslands

Félagsmönnum er heimilt í samráði við stjórn félagsins að stofna landshlutadeildir eða sérstakar fagdeildir, sem vinna að sérstökum sviðum innan félagsráðgjafar. Deildirnar setji sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn FÍ. Deildir skulu skila ársskýrslum til stjórnar FÍ fyrir 1. mars.

7. gr. Nefndir á vegum Félagsráðgjafafélags Íslands

Undir félagið heyra kjaranefnd, siðanefnd og vísindanefnd. Nefndir starfa á grundvelli laga félagsins og hlíta eigin starfsreglum. Nefndir starfa á ábyrgð félagsins og ber FÍ fulla og óskoraða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefnda. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar FÍ. Nefndir skulu skila ársskýrslum til stjórnar FÍ fyrir 1. mars.

7.1. mgr. Kjaranefnd

Á vegum félagsins skal starfa sex manna kjaranefnd. Formaður FÍ skal vera formaður nefndarinnar en kjósa skal fimm félagsmenn í nefndina á aðalfundi til tveggja ára í senn og skipta þeir með sér verkum.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að vinna að kjaramálum félagsmanna gagnvart ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og öðrum vinnuveitendum. Einnig skal kjósa einn fulltrúa frá landsbyggðinni.
2. Að koma að gerð kjarasamninga.
3. Að kynna kjaramál fyrir félagsmönnum.
4. Að halda utanum trúnaðarmenn FÍ.

Rökstuðningur:

Fram til ársins 2012 hefur sérstakur verkefnisstjóri haldið utan um trúnaðarmannahópinn. Það er stefna FÍ að einfalda stjórnun félagsins og því er lagt til að kjaranefnd hafi þetta hlutverk.

7.2.mgr. Vísindanefnd

Á vegum félagsins skal starfa þriggja manna Vísindanefnd sem fer með stjórn Vísindasjóðs FÍ. Stjórn FÍ skipar einn fulltrúa árlega í nefndina en kjósa skal að auki tvo félagsmenn í nefndina á aðalfundi til tveggja ára í senn og skiptir nefndin með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins.
2. Að starfa í nánnum tengslum við fulltrúa skrifstofu FÍ varðandi greiðslur úr A-hluta sjóðsins.
3. Að ákveða úthlutun úr B-hluta sjóðsins.
4. Að halda árlegan kynningarfund á styrktarverkefnum.
5. Að meta og endurmeta reglur sjóðsins jafnt og þétt.
6. Að fræða og halda námskeið um rannsóknir a.m.k. annað hvert ár.

7.3. mgr. Siðanefnd

Á vegum félagsins skal starfa þriggja manna siðanefnd. Nefndarmenn eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fulltrúar nefndarinnar skulu útnefna formann. Þegar aðstæður krefjast getur stjórn siðanefndar tilnefnt til liðs við sig sérfróða einstaklinga í nefndina.

Hlutverk nefndar er:

1. Að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um siðfræði innan félagsins félagsins.
2. Að stuðla að fræðslu fyrir félagsmenn um siðfræðileg málefni.
3. Að meta og endurmeta siðareglurnar reglulega.
4. Að veita ráðgjöf í siðfræðilegum málefnum og aðstoða við lausnir siðfræðilegra álitamála.

7.4. mgr. Sérfræðinefnd og matsnefnd

~~Félagsráðgjafafélag Íslands skal tilnefna einn fulltrúa í 3ja manna sérfræðinefnd sem vinnur eftir reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf. Fulltrúi skal kjörinn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Félagráðgjafafélag Íslands skal tilnefna tvo fulltrúa í 3ja manna matsnefnd sem vinnur eftir reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf. Fulltrúar skulu kjörnir á aðalfundi til tveggja ára í senn.~~

Rökstuðningur:

Þann 1. janúar síðastliðinn tók gildi reglugerð nr. 1088/2012 um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Féll þá brott eldri reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf, nr. 555/1999. Í gömlu reglugerðinni var kveðið á um sérfræðinefnd sem Félagráðgjafafélag Íslands skipaði einn fulltrúa í.

Í nýju reglugerðinni er ekki ákvæði um sérstaka sérfræðinefnd heldur hafi landlæknir það hlutverk að veita starfs- og sérfræðileyfi. Honum sé jafnframt heimilt að leita umsagnar annarra aðila og/eða skipa sérstaka mats- og umsagnarnefnd sbr. 4. og 7.gr. reglugerðarinnar. Lagt er til að þessar nefndir á vegum FÍ verði því lagðar niður.

8. gr. Sjóðir á vegum Félagráðgjafafélags Íslands

8.1. mgr. Vinnudeilusjóður

Markmið með vinnudeilusjóði **Félagráðgjafafélags Íslands** er að styrkja stöðu félaga sinna í vinnudeilum. Stjórn **FÍ vinnudeilusjóðs FÍ** fer með **yfirstjórn** sjóðsins og ákveður upphæð og úthlutunarreglur/greiðslur hverju sinni í samræmi við fjárhag sjóðsins. **Stjórn setur reglur um vinnudeilusjóð-Umsóknir skulu berast til vinnudeilusjóðs FÍ.**

8.2. mgr. Vísindasjóður

Vísindasjóður er starfræktur í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Vísindasjóður Félagráðgjafafélags Íslands skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn er ætlaður til framhalds- og endurmenntunarkostnaðar annars vegar og ferða- og dvalarkostnaðar vegna námskeiða og

námskeiðsgjalda hins vegar. B-hlutinn er til rannsóknar- og þróunarverkefna. Félagsmenn fá greitt í mars úr A-hluta en sækja þarf sérstaklega um í B-hlutann. Á vegum FÍ skal starfa þriggja manna Vísindanefnd sem fer með stjórn sjóðsins.

IV. kafli Aðalfundur

9. gr. Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Hann er haldinn ~~í~~ tímabilinu febrúar til apríl ~~mars~~ mánuði ár hvert. Skal til hans boðað skriflega eða með auglýsingu með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta. Aðalfundarboði skulu fylgja tillögur til lagabreytinga. Aðalfundur er því aðeins löglegur, að löglega sé til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum.

Atkvæðisbærir félagar á aðalfundi eru þeir sem greitt hafa félagsgjald ársins á undan.

Rökstuðningur:

Stjórn FÍ vill auka sveigjanleika varðandi aðalfund þannig að hægt sé að halda hann fyrir á árinu og síðar ef þess er þörf.

Á aðalfundi skulu vera eftirfarandi mál á dagskrá:

14. Fundur settur.
15. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
16. Staðfest lögmæti fundarins.
17. Skýrslur fastanefnda skv. 9. lið.
18. Skýrsla stjórnar um starf félagsins á liðnu ári.
19. Skýrsla stjórnar um reikninga félagsins, vinnudeilusjóð og nefndir eftir atvikum. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á aðalfundi.
20. Stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald ákveðið til eins árs, svo og framlag/hlutfall stéttarfélagsgjalds í vinnudeilusjóð.
21. Lagabreytingar. Tillögur um breytingar á lögum félagsins skal senda til stjórnar skriflega ásamt rökstuddri greinargerð, í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði þess aðalfundar er ræðir hana. 2/3 hluta atkvæða þarf til breytinga á lögum.
22. Stjórn félagsins. Kosið skal á aðalfundi um fulltrúa í stjórn félagsins. Kjör í fastanefndir félagsins, siðanefnd, kjaranefnd og vísindanefnd fer fram á aðalfundi. ~~Einnig skal kjósa fulltrúa í sérfræðinefnd og matsnefnd í samræmi við reglugerð um sérfræðileyfi.~~ Fulltrúar í stjórn félagsins skulu kosnir til tveggja ára í senn. Kosið er sérstaklega um formann félagsins til fjögurra ára í senn.
23. Tillögur og áætlanir um störf félagsins á yfirstandandi ári kynntar.
24. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram til samþykktar.
25. Önnur mál.
26. Fundi slitið.

Kosningar í stjórn og nefndir skulu vera leynilegar óski einhver eftir því. Atkvæðagreiðslur um lagabreytingar skulu ekki vera leynilegar, nema þess sé sérstaklega óskað. Stjórn ákveður dagskrá.

Auka aðalfundur: Stjórn getur boðað til auka aðalfundar ef þess er talinn þörf og/eða ef 2/3 hlutar félagsmanna æskja þess. Auka aðalfund skal boðað með sama hætti og ef um aðalfund er að ræða.

Rökstuðningur:

Samkvæmt reglugerð nr. 1088/2012 er FÍ ekki lengur umsagnaraðili.

V. Kafli. Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands

10. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa sjö menn og ber hún ábyrgð á störfum félagsins. Stjórn skiptir með sér hlutverkum varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Að öðru leiti skal stjórn skipta með sér verkum og setja sér starfsreglur. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn skipar í aðrar

trúnaðarstöður en tilgreint er í lögum um aðalfund. Auk venjulegra stjórnarstarfa er stjórn falið eftirfarandi:

1. Að boða til félagsfunda.
2. Að halda úti heimasíðu þar sem fram koma upplýsingar og tilkynningar varðandi störf félagsins, kjarasamninga, málþing og ráðstefnur, starfatorg og annað.
3. Að hafa frumkvæði að réttinda- og hagsmunamálum félaga svo og einnig um vernd starfsheitis samkvæmt lögum um félagsráðgjöf nr. 95/1990.
- ~~4. Að afla upplýsinga um menntun þeirra sem sækja um aðild að FÍ-löggildingu og/eða félagsréttindi og veita umsögn um þessi réttindi svo og veita inngöngu nýjum félögum.~~

Rökstuðningur:

Samanber breytingatillögu varðandi grein 7.4.

VI. Kafli. Réttindi og skyldur

11. gr. Réttindi og skyldur félagsmanna

1. Félagsmenn skulu fara að lögum félagsins, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn ~~nr. 95/1990 um félagsráðgjöf~~ og kynna sér siðareglur félagsráðgjafa.
2. Félagið skal að fremsta megni stuðla að því að félögum séu búnar viðeigandi starfsaðstæður. Sérstaklega skal þess gætt þegar að ný störf koma til.
- ~~3. Félagsmenn sem standa skil á greiðslum félagsgjalda eru kjörgengir og með kosningarétt í FÍ.~~
- ~~3.4. Hafi félagismaður ekki greitt félagsgjald til félagsins í tvö ár missir hann félagsréttindi sín, enda hafi hann áður verið krafinn um greiðslu.~~
- ~~4.5. Óski félagismaður að ganga úr félaginu geri hann það skriflega.~~

Rökstuðningur:

Tekið hafa gildi ný lög um heilbrigðisstarfsmenn og eldri lög um félagsráðgjöf fallið úr gildi.

12. gr. Félagsslit

Slíta má félaginu á fundi sem hefur verið boðaður sérstaklega í því skyni, ef 2/3 hlutar félagsmanna æskja þess, enda sækji 2/3 hlutar atkvæðisbærra félagsmanna fundinn. Eignum félagsins skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun meirihluta félagsmanna.

13. gr.

Með samþykki þessara laga falla þegar úr gildi eldri lög félagsins.

Þessu til viðbótar bærust eftirfarandi breytingatillögur á grein 7.2 og 7.3 frá félagsmönnum:

7.2.mgr. Vísindanefnd

Á vegum félagsins skal starfa þriggja manna Vísindanefnd sem fer með stjórn Vísindasjóðs FÍ. Stjórn FÍ skipar einn fulltrúa árlega í nefndina en kjósa skal að auki tvo félagsmenn í nefndina á aðalfundi til tveggja ára í senn og skiptir nefndin með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara. A.m.k. 2 af 3 nefndarmönnum skulu hafa lokið rannsóknatengdu framhaldsnámi. Nefndarmenn sitji aðeins í tvö tímabil í senn.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins m.a. með því að efna til málstofu 1 x á ári um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar.
2. Að starfa í nánnum tengslum við fulltrúa skrifstofu FÍ varðandi greiðslur úr A-hluta sjóðsins.
3. Að ákveða úthlutun úr B-hluta sjóðsins í samráði við stjórn félagsins.
4. Að halda árlegan kynningarfund á styrktarverkefnum.
5. Að meta og endurmeta reglur sjóðsins jafnt og þétt með aðkomu félagsmanna.
6. Að fræða og halda námskeið um rannsóknir a.m.k. annað hvert ár.
7. Skila ársskýrslu varðandi ofangreinda liði.

7.3. mgr. Siðanefnd

Á vegum félagsins skal starfa þriggja manna siðanefnd. Nefndarmenn eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fulltrúar nefndarinnar skulu útnefna formann. Þegar aðstæður krefjast getur stjórn siðanefndar tilnefnt til liðs við sig sérfróða einstaklinga í nefndina.

Hlutverk nefndar er:

1. Að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um siðfræði innan félagsins félagsins m.a. með því að efna til málstofu 1 x á ári.
2. Að stuðla að fræðslu fyrir félagsmenn um siðfræðileg málefni.
3. Að meta og endurmeta siðareglurnar reglulega.
4. Að veita ráðgjöf í siðfræðilegum málefnum og aðstoða við lausnir siðfræðilegra álitamála.
5. Skila ársskýrslu varðandi ofangreinda liði.

9. Framboð í stjórn og nefndir Félagsráðgjafafélags Íslands 2013.

Kosið skal um þrjár stöður í stjórn FÍ á aðalfundi 2013:

Fulltrúi í stjórn FÍ til tveggja ára. **Guðlaug M. Júlíusdóttir býður sig fram.**

Fulltrúi í stjórn FÍ til tveggja ára. **Ásta Kristín Benediktsdóttir býður sig fram.**

Fulltrúi í stjórn FÍ til tveggja ára. **Kallað er eftir framboði í stjórn.**

Kjör í fastanefndir félagsins kjaranefnd, vísindanefnd og siðanefnd fer fram á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Kjaranefnd – Í henni sitja nú María Rúnarsdóttir formaður, Hólmfríður Ingvarsdóttir, Ólafur Þór Jóhannesson, Snjólaug Birgisdóttir og Vilborg Þórarinsdóttir. Fulltrúar í kjaranefnd voru kjörnir 2012. Elísa Ingólfsdóttir sem kjörin var fulltrúi sveitarfélaga sagði sig úr kjaranefnd og í hennar stað kom Hólmfríður Ingvarsdóttir í kjaranefnd.

Kallað er eftir framboði í kjaranefnd frá félagsráðgjafa sem starfar á almennum vinnumarkaði.

Vísindanefnd – Í henni sitja nú Sveindís Anna Jóhannsdóttir sem er fulltrúi stjórnar FÍ og formaður Vísindanefndar ásamt félagsmönnum Steinunni Bergmann og Soffíu Egilsdóttur sem kjörnar voru 2012. **Sveindís Anna Jóhannsdóttir býður sig ekki fram til endurkjörs í stjórn FÍ sem mun skipar nýjan fulltrúa stjórnar í vísindanefnd í hennar stað.**

Siðanefnd – Í henni sitja nú þau Helga Sól Ólafsdóttir, Þorleifur Nielsson og Helga Þórðardóttir sem kjörin voru 2012.

Við minnum á að allir félagsmenn í Félagsráðgjafafélagi Íslands geta boðið sig fram í hvaða stöður sem er á aðalfundi!